

Alþingi
Erindi nr. P 126/1996
komudagur 24.4.2001

Nefndasvið Alþingis
Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

24. apríl 2001.

Frumvarp til laga um vexti og verðtryggingu. 126. löggjafarþing 2000–2001. Þskj. 872 — 566. mál.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands (LMFÍ) hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar.

Almennt er unnt að segja, að frumvarpið sé til verulegra bóta á núverandi réttarástandi. Samningsfrelsi, sem er aðalregla núgildandi vaxtalaga nr. 25/1987, sætir samkvæmt frumvarpinu mun færri takmörkunum en nú og löggjöf er að nokkru færð til samræmis við Forsögn (Directive) Evrópusambandsins nr. 35/2000 um aðgerðir gegn greiðsludrætti skuldara í viðskiptum.

Þótt frumvarpið sé til framfara, eru nokkur atriði, sem ástæða er til að vekja athygli á.

Í fyrra málslið 7. gr. frumvarpsins er fjallað um þau atvik, þegar atvik sem varða kröfuhafa og skuldara verður ekki um kennt verða til þess að greiðsla fer ekki fram á réttum tíma og svarar greinin til 13. gr. núgildandi laga.

Athugasemd nefndarinnar lýtur í raun ekki að efni ákvæðisins, sem lagt er til að öðlist lagagildi, heldur að athugasemdum með greininni í frumvarpinu og þeim réttaráhrifum, sem höfundar frumvarpsins ætla ákvæðinu að hafa, einkum í fasteignaviðskiptum, sem eru tekin sérstaklega sem dæmi.

Eðlilegt er, að dráttarvextir reiknist ekki ef greiðsla fer ekki fram vegna þess að skuldari neytir lögmætra úrræða gagnvart kröfuhafa eða heldur eftir greiðslu af öðrum lögmætum ástæðum. Í orðalaginu liggur, að skuldari verður að hafa gripið til vanefndaúrræða, hér stöðvunarréttar, af lögmætum ástæðum, honum verður að hafa verið rétt að hafa gripið til þeirra. Mat þess, hvort neyting vanefndaúrræða hafi verið af lögmætum ástæðum, liggur hjá dómstólum. Í athugasemdunum með frumvarpinu er tekið fram, að í fasteignakaupum leiði ákvæðið til þess, að kaupandi fasteignar, sem reynist vera haldin göllum, verði ekki krafinn um dráttarvexti ofan á þann hluta kaupverðs, sem hann heldur eftir til tryggingar vanefndakröfu sinni á hendur seljanda vegna gallanna. Tekið er fram að það sé tilgangur ákvæðisins að breyta framkvæmd dómstóla á þeirri reglu að dæma dráttarvexti í slíkum tilvikum.

Sú dómaframkvæmd, sem vitnað er til, felst í því að dómstólar hafa ekki talið það lögmæta beitingu stöðvunarréttar að halda eftir hluta kaupverðs til tryggingar vanefndakröfu, þegar sú krafa hefur ekki verið staðreynd með mati dómkvaddra matsmanna um tilvist og umfang gallanna. Þeir hafa því dæmt kaupanda til greiðslu dráttarvaxta frá gjalddaga til þess tíma er mat um gallana lá fyrir.

Dómstólar eiga endanlegt mat á því, hvort beiting vanefndaúrræða, þ.á m. stöðvunarréttar í fasteignakaupum, sé lögmæt. Framangreind réttarframkvæmd hefur sætt gagnrýni af fræðimönnum, sbr. umfjöllun Viðars Más Matthíassonar í bókinni Réttarreglur um fasteignakaup. Hver svo sem afstaða manna til umræddrar réttarframkvæmdar kann að vera, þá sýnist ljóst, að ekki sé unnt að ákveða í eitt skipti fyrir öll í lögum um vexti, að ekki skuli reikna dráttarvexti þegar kaupandi beitir stöðvunarrétti í fasteignaviðskiptum. Tilvikin, sem komið geta upp í slíkum viðskiptum, eru afar fjölbreytileg og því ljóst, að beiting stöðvunarréttar getur verið lögmæt í einu tilviki en ólögmæt í öðru. Dómstólar eiga lokaorðið um það, hvort heldur er. Hendar þeirra verða ekki bundnar um það mat í lögum á borð við vaxtalög. Því er sennilegt, að umrætt ákvæði 7. gr. muni ekki hafa þau réttaráhrif, sem höfundar frumvarpsins ætla því í athugasemdunum með frumvarpinu. Ákvæðið felur í sér vísireglu um að undanþága frá dráttarvöxtum sé háð því að vanefndaúrræðin séu “lögmæt”, án þess að segja hvað telst lögmætt og hvað ekki. Ef vilji löggjafans stendur til þess að breyta umræddri réttarframkvæmd, væri réttara að um það væri kveðið í lögum, sem kynnu að verða sett um fasteignaviðskipti, en til athugunar mun hafa verið að setja almenn lög um það réttarsvið.

Í **IV. Kafla** frumvarpsins, það er 8. og 9. gr., er fjallað um vexti og dráttarvexti af skaðabótakröfum. Mjög er til bóta, að almennir vextir af skaðabótakröfum munu hækka mjög verulega við lögfestingu 8. gr. frumvarpsins. Þessir vextir hafa verið, eins og lýst er í athugasemdum, til verulegra muna lægri en verðhækkunar á undanförunum árum.

Í 9. gr. er fjallað um dráttarvexti af skaðabótakröfum, sem leggjast á að liðnum mánuði frá þeim degi er kröfuhafi sannanlega lagði fram þær upplýsingar sem þörf var á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta, eins og nú er kveðið á um í 15. gr. vaxtalaga. Í seinni málslið greinarinnar er takmörkuð heimild dómstóla til að ákveða annan upphafstíma dráttarvaxta með því að skjóta inn orðunum “ef sérstaklega stendur á” í ákvæðið. Mjög oft háttar þannig um skaðabótakröfur, að ágreiningur er á milli tjónþola og meints tjónvalds, eða oftast váttryggingafélags hans, hvort tjónið stafi af bótaskyldu atviki. Frestur á greiðslu stafar af ágreiningi um réttmæti kröfunnar, en ekki greiðsludrætti vegna óvilja eða skorts á greiðslugetu.

Við þá breytingu, að almennir vextir af skaðabótakröfum eru hækkaðir, sýnist ekki ástæða til þess að takmarka sérstaklega heimild dómstóla til þess að ákveða annan upphafstíma dráttarvaxta, enda eru dómstólar fullfærir um að meta hvort dráttur á greiðslu stafar af raunverulegum réttarágreiningi en ekki tilraun til þess af hálfu tjónvalds að hagnast á drætti greiðslu skaðabóta. Réttarframkvæmd í þessu efni á gildistíma núverandi vaxtalaga, hefur ekki verið einhlít, en þó má fullyrða, að mjög hefur fækkað þeim tilvikum þar sem Hæstiréttur Íslands hefur ákveðið annan upphafstíma dráttarvaxta en kveðið er á um í 1. málslið nógildandi 15. gr. vaxtalaga. Með hliðsjón af hækkun almennra vaxta af skaðabótakröfum og beitingu núverandi ákvæðis um upphafstíma dráttarvaxta, telur laganefnd ekki ástæðu til þess að takmarka sérstaklega heimild dómstóla til þess að ákvarða annan upphafstíma.

Í **15. gr.** frumvarpsins er kveðið á um, að Seðlabankinn geti að fengnu samþykki viðskiptaráðherra ákveðið lágmarkstíma verð tryggðra innstæðna og lána, en svipað ákvæði er nú í 21. gr. vaxtalaga. Bankinn getur jafnframt að fengnu samþykki ráðherra ákveðið að vextir verðtryggðra innstæðna og lána skuli vera óbreytanlegir á lánstímanum. Um þetta er það að segja, að vandséð er, að þennan lágmarkstíma þurfi

yfirleitt að ákveða með valdboði, en hann ráðist ekki af aðstæðum á markaði. Laganefnd er því þeirrar skoðunar, að láta eigi að viðsemjendum eftir að ákveða lágmarkstímann.

Að teknu tilliti til þeirra athugasemda, sem greindar eru að ofan, mælir laganefnd eindregið með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jakob R. Möller, Jakob R. Möller, hrl.,
formaður